

Hugtakið fagstétt

Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson

Undanfarna áratugi hefur átt sér stað talsverð umræða um hugtakið fagstétt (*e. profession*¹), til dæmis meðal íslenskra kennara². Oftar en ekki hefur umræðan tengst breytingum á félagslegri stéttarstöðu kennara vegna samfélagslegra breytinga, breyttri kennaraýmind, staðlaðri fagvitund og sameiginlegri fagþekkinu. Kennarasamtök hafa meðal annarra tekið virkan þátt í umræðunni og virðist markmiðið vera að styrkja fagmennsku stéttarinnar, skilgreina fagþekkingu hennar og stuðla þannig að því að hún temji sér fagvitund og öðlist viðurkenningu sem fagstétt (Sigurjón Mýrdal, 1992, bls. 310).

Umræðan um fagstétt verður ekki aðskilin frá umfjöllun um fagmennsku³. Það að vinna af fagmennsku er að vissu leyti forsenda þess að tilheyra fagstétt og öfugt. Og þar sem ég skilgreindi hugtakið fagmennska í fyrri samantektinni lá beint við að skoða hvað greini fagstéttir frá öðrum starfsstéttum. Markmiðið með samantektinni er því að skilgreina hugtakið fagstétt.

Þess ber að geta að umdeilt er hvort kennarar tilheyri fagstétt, einnig hafa verið færð rök fyrir því að umræðan um fagstéttir sé óþörf þar sem ekkert sé til sem getur kallast fagmennska eða fagstéttir. Það eina sem greinir fagstétt frá öðrum starfsstéttum sé notkun hugtaksins. Kennarar vinna með þekkingu og sem slíkir bera þeir ábyrgð á sjálfum sér og nemendum. Þeir eru íhugandi iðkendur⁴ (*e. reflective practioners*) sem eru siðferðilega skuldbundir starfinu líkt og flestar aðrar stéttir. Mikilvægast sé að horfa til innihaldsins, ekki umbúðanna (Robert Runté, 1995).

Lesnar voru þrjár greinar og unnið út frá þeim. Þær greinar voru *Hugmyndir um fagmennsku íslenskra kennara* eftir Sigurjón Mýrdal, *Sérhæfð þekking kennara*⁵ eftir Ingólf Ásgeir Jóhannesson og *Frá sannfæringu til starfshátta* eftir Jóhönnu Einarsdóttur.

Við lestur ofangreindra greina kom í ljós að skilgreining á hugtakinu fagstétt er mjög víð enda nálgast fræðimenn hugtakið út frá ólíkum sjónarhornum. Ennfremur er ljóst að margvísleg hagsmunaátök leiða til sífelldra endurskipulagningar á félagsstöðu starfsstétta og hugtakið getur

¹ Hugtakið *profession* hefur einnig fengið þýðinguna lífsstarf (Broddi Jóhannesson, 1978, bls. 12). Í ofangreindum texta eru stuðst við þýðingu Sigurjóns Mýrdals (Sigurjón Mýrdal, 1992, bls. 297).

² Sjá til dæmis útgáfu Kennarasambands Íslands á Skólastefnu árið 1987.

³ Sjá samantekt 1.

⁴ Hugtakið íhugandi iðkendur má til dæmis finna í skrifum John Dewey og Donald Schön. Samkvæmt Dewey er hugsun verk mannsins sem bregst við umhverfi sínu og ígrundar það. Þannig er hugsun skapandi atferli og í öllu skapandi atferli er hugsun (Jón Ólafsson, 2002, bls. 202).

⁵ Grein Ingólfs byggir á viðtalsrannsókn sem hann framkvæmdi var veturinn 1996-1997. Um er að ræða viðtöl við nítján grunnskólakennara.

Því haft ólíka merkingu á mismunandi tímum. Fylgiskur þess tíma sem við lifum er að atvinnu- og efnahagslíf er að breytast hraðar en áður þekkist en örar breytingar eru á sviði hugarfars þar sem hugmyndaheimur hins iðnvædda samfélags er á vissan hátt að leysast upp og einstaklingarnir þurfa að finna sér nýjan vettvang, nýja fótfestu, eða læra lifa án fótfestu (Gestur Guðmundsson, 2008, bls. 113). Afleiðingin er meðal annars ný hugsun og nýjar væntingar gagnvart þeim stofnunum sem þar eru. Stofnanir sem áður einkenndust af sérfræðingsvaldi þurfa að leita leiða til að endurskipuleggja starf sitt, hugmyndafræði og viðhorf gagnvart þeim sem þær þjóna. Þar af leiðir að hugtakið fagstétt stendur ekki fyrir kyrrstöðu. Um er að ræða hugtak sem skilgreint er út frá þörfum og hagsmunaátökum ólíkra einstaklinga í lifandi samfélagi.

En í flóknu nútímasamfélagi með mikla sérhæfingu (samanber það íslenska), gegnir hver starfsstétt sínu hlutverki. Hópar fólks gera tilkall til einkaréttar á vinnu á grundvelli menntunar, prófa, löggildingar og þess að hafa vit á ákveðnu málefni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 1999, bls. 71). Hópar líkt og vísindamenn, fræðimenn og fagstéttir gegna æ stærra hlutverki í samfélagslegri umræðu og móta meðal annars hugmyndir okkar um réttlæti, heilbrigði og samfélagslegan skilning (Salvör Nordal, 2009). Enginn einstaklingur er sem sagt dómbær um allt það sem getur hent né getur kynnt sér til fullnustu öll mál er hann varða, heldur verður hann að treysta á að sérfræðingar viti hvað þeir eru að gera (Gestur Guðmundsson, 2008, bls. 126).

Engu síður má sjá í umræðum um fagmennsku þræði sem ganga út á að finna sameiginlegt mynstur meðal fagstétta⁶ og að stéttir sem vilja teljast fagstéttir reyna að tileinka sér þetta mynstur. (Nanna Kristín Christiansen, 2010, bls. 55). Horft er til réttinda, valda og stöðu stéttarinnar í samfélaginu. Þá er oft leitað að vísbendingum um ákveðin skeið sem starfsstétt er talin hafa farið í gegnum áður en hún verður fagstétt. Þroskaferillinn (*e. professionalization*) frá því að vera ekki fagstétt yfir í það að vera fagstétt má kalla þróun fagstéttar. Sú þróun felst í tilteknu ferli þar sem verkaskipting starfsins verður skýrari, vinnan skilgreindari og fræðilegri og sérþekkingar á viðkomandi sviði er krafist. Í stuttu máli er þróun starfsstéttar í fagstétt fólgin í ferlinu frá því að starfið sé almennt og krefst ekki sérþekkingar yfir í að það verði einungis unnið af sérfræðingi sem sinnir starfinu í fullu starfi (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 1999, bls. 71-72).

⁶ Horft hefur verið til stétta á borð við lækna, lögfræðinga og presta enda eru þær stéttir almennt taldar fagstéttir.

Hugtakið fagstétt er þar af leiðandi marglaga og margbrotið. En það mynstur sem fræðimenn telja að greini fagstéttir frá öðrum starfsstéttum felst í nokkrum þáttum. Þeir eru að:

- ✓ meðlimir fagstéttar veiti samfélaginu mikilvæga og viðurkennda þjónustu.
- ✓ meðlimir fagstéttar eigi að baki langt sérnám er snýr að viðkomandi starfi. Fagstétt býr því að sérstakri þekkingu og færni. Ekki er námið eitt og sér nóg, viðkomandi samfélag þarf að viðurkenna menntunina, oft með því að hafa löggilt starfið. Löggilding felur í sér viðurkenningu samfélagsins að viðkomandi starfsstétt sé traustsins verð.
- ✓ til staðar sé vel skilgreind og uppbyggileg þekking og kenningar sem eru í stöðugri mótun með rannsóknum og athugunum.
- ✓ meðlimir fagstéttarinnar njóti talsverðs sjálfræðis í starfi sínu, og geti því tekið sjálfstæðar ákvarðanir er varða það hvernig starfið er unnið.
- ✓ meðlimir fagstéttarinnar hafi svipað gildismat, sem oft er sett fram í siðareglum þar sem tilgreindar eru siðferðilegar skyldur og réttindi. Jafnframt fylgir innri stýring og gæðaeftirlit.
- ✓ meðlimir fagstéttarinnar hafi hugsjónir og telji að þeir geti látið gott af sér leiða. Þeir eru ósérhlífir og leggja áherslu á þjónustu umfram fjárhagslegan ávinning.
- ✓ unnið er af fagmennsku.
- ✓ meðlimir fagstéttarinnar hafa áhrifavald fyrir umbjóðendum sínum og eðli þjónustunnar (Jóhanna Einarsdóttir, 2002, Salvör Nordal, 2009).

Samkvæmt þessu er og verður engin starfsstétt fagstétt nema samfélagið sé tilbúið að styðja við og viðurkenna að ástundun starfsins sé til hagsbóta fyrir heildina. Afleiðingin er samfélagslegur skilningur á sérnámi, löggildingu og rannsóknum (svo dæmi séu tekin). Það er síðan hlutverk starfsstéttarinnar að vinna úr trausti og trú samfélagsins á faglegan hátt þannig að traust ríki milli þeirra sem þjóna og þeirra sem eru þjónustaðir. Þegar ofangreint fer saman getur viðkomandi starfsstétt gert tilkall til þess að teljast fagstétt.

Samantekt

Það að skilja og skilgreina hugtakið fagstétt er langt í frá einfalt enda hafa þær kröfur sem hver samfélagsgerð gerir til tiltekinnar starfsstéttar mikið að segja um þann skilning sem lagður er í hugtakið. Á vissan hátt er það eðlilegt enda hefur þekking okkar og skilningur á nánast öllum sviðum samfélagsins breyst og eflst undanfarna áratugi. Sérfræði sem almenn hlýtur að breytast. Nýjar hugsanir og umræður hljóta að fylgja nýjum þörfum. Þeir einstaklingar sem tilheyra fagstétt þurfa að vera vakandi gagnvart ofangreindu. Þeir bera hag viðfangsefnisins og/eða skjólstæðinga ætíð fyrir brjósti og leita leiða til að viðhalda sérfræðiþekkingu sinni með stöðugri leit, stöðugri endurnýjun enda þjónusta þeir samfélag sem einkennist af breytingum og endurskoðun gilda.

Fagstéttir eru mikilvægar í sérhæfðum samfélögum. En það að starfsstétt geti skilgreint sig sem fagstétt er ekki einungis viðurkenning á að viðkomandi starfsstétt sé samfélagslega mikilvæg heldur er einnig í því fólgin áskorun. Áskorun sem felur í að fagstéttin er ábyrg á þann hátt að einstaklingar samfélagsins geti treyst viðkomandi starfsstétt til að gera alltaf sitt allra besta öllum stundum.

Heimildaskrá

- Broddi Jóhannesson (1978). Líffstarf og þróun skoðana. *Smárit Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar*. Reykjavík: Iðunn.
- Gestur Guðmundsson (2008). *Félagsfræði menntunar*. Reykjavík, Skrudda.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (1999). Sérhæfð þekking kennara. *Uppeldi og menntun – Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 8. árgangur.
- Jón Ólafsson (2002). Menntun, reynsla og hugsun – heimspekilegur pragmatismi. *Skírnir*, 176. árgangur.
- Nanna Kristín Christiansen (2010). *Skóli og skólaforeldrar: ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Nanna Kristín Christiansen.
- Robert Runté (1995). „Is teaching a profession?“ [Http://www.uleth.ca/edu/runte/professional/teaprof.htm](http://www.uleth.ca/edu/runte/professional/teaprof.htm). Skoðað 22. október 2010.
- Salvör Nordal (2009). „Gagnrýnin hugsun og fagstéttir.“ [Http://www.theiia.org/chapter/index.cfm/view.public file/cid/31/.../17332](http://www.theiia.org/chapter/index.cfm/view.public%20file/cid/31/.../17332). Skoðað 19. október 2010.
- Sigurjón Mýrdal (1992). Hugmyndir um fagmennsku íslenskra kennara. *Uppeldi og menntun - Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 1. árgangur.